

L Ö G

um Ríkisábyrgðasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Koma skal á fót sérstökum sjóði, sem nefnist Ríkisábyrgðasjóður. Hann er eign ríkisins og lýtur stjórn fjármálaráðherra, og ber ríkissjóður ábyrgð á fjárreiðum sjóðsins.

2. gr.

Stofnfé Ríkisábyrgðasjóðs er sem hér segir:

1. Gengishagnaður, sem samkvæmt 2. málsg. 6. gr. laga nr. 80 3. ágúst 1961 á að renna til ríkissjóðs.

2. Áhættugjald samkvæmt 4. gr. laga nr. 37 29. marz 1961, um ríkisábyrgðir, það sem goldizt hefur, er lög þessi taka gildi.

3. Afhenda skal sjóðnum framkröfur, sem ríkissjóður á, vegna þess að hann hefur sem ábyrgðaraðili orðið að svara til kröfu, svo og kröfur, sem stafa af því, að ríkissjóður hefur sjálfur tekið lán og endurlánað lánsfé, en vanskil hafa orðið af hálfu lántaka. Fjármálaráðherra er einnig heimilt að afhenda sjóðnum kröfur, er af því stafa, að vanskil hafa orðið á lánnum, sem veitt hafa verið beint úr ríkissjóði.

3. gr.

Tekjur Ríkisábyrgðasjóðs eru:

1. Áhættugjald fyrir ríkisábyrgðir samkv. 4. gr. laga nr. 37 29. marz 1961, um ríkisábyrgðir, það er goldið verður eftir gildistöku laga þessara.

2. Fé það, sem endurgreiðist samkvæmt kröfum þeim, er greinir í 3. tölulið 2. gr., svo og fé, sem greiðist upp í kröfur Ríkisábyrgðasjóðs samkv. 2. málsg. 4. gr.

3. Framlög, sem ákveðin verða í fjárlögum hverju sinni, eftir því sem sjóðurinn þarf á að halda.

4. gr.

Úr Ríkisábyrgðasjóði skal greiða kröfur, sem fallið hafa á ríkissjóð eftir 1. janúar 1961 vegna ábyrgðar, er hann hefur tekizt á hendur. Sama gildir um kröfur, sem fallið hafa á ríkissjóð eftir 1. janúar 1961 fyrir vanskil á lánnum, sem ríkissjóður hefur tekið að láni og endurlánað.

Ríkisábyrgðasjóður eignast framkröfur, er myndast samkv. 1. málsg.

5. gr.

Ríkissjóði er heimilt að semja við einhvern ríkisbankanna um, að sá banki taki að sér umsjá Ríkisábyrgðasjóðs eftir nánari reglum, er ráðherra setur.

6. gr.

Kostnað við framkvæmd laga þessara skal greiða af fé Ríkisábyrgðasjóðs.

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um starfshætti sjóðsins og um heimtu krafna þeirra, er sjóðnum tilheyra.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur jafnframt úr gildi 3. málsgr. 4. gr. laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir.

Gjört að Bessastöðum 28. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

14. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1955, orðist svo:

Síldarverksmiðjurnar eru undanþegnar tekju- og eignarskatti, svo og gjöldum til sveitarfélaga, nema fasteignaskatti og landsútsvari, samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga. Heimilt er þó sveitarstjórnnum að innheimta aðstöðugjald af öllum öðrum rekstri verksmiðjanna en síldarbræðslu, þar á meðal vegna seldrar vinnu vélaverkstæða þeirra, enda greiði verksmiðjurnar ekki landsútsvar af þessum rekstri.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1963.

Gjört að Bessastöðum 28. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.